



Ársskýrsla 2024

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Ágrip	2
Nemendatölur	3
Samsetning nemenda eftir aldri og kyni.....	3
Fjöldi nemenda eftir námsbrautum og brautskráðir nemendur	3
Brotthvarf	4
Starfsfólk.....	4
Tölur	4
Starfsþróun	5
Stefnumótunarvinna og stefnumiðuð áætlun.....	5
Stefnumótunarvinna	5
Stefnumiðuð áætlun FVA	6
Nám	10
Félagslíf og nám.....	10
Starfsbraut.....	12
Heimavist.....	12
Stuðningur	12
Erlend samskipti – alþjóðlegt samstarf	13
Ýmis áhersluverkefni - framvinda.....	14
Samstarf við aðra.....	15
Staða FVA á Vesturlandi	16
Mat á skólastarfi.....	16
Innra mat	16
Ytra mat.....	16
Húsnæðismál	17
Fjármál – rekstur FVA	17
Prófill FVA	19

Inngangur

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) var stofnaður formlega 6. febrúar 1987. FVA er öflugur og rótgróinn bók- og verknámsskóli sem starfar eftir áfangakerfi og er skólaárinu skipt upp í tvær annir, haust- og vorönn.

Nemendafjöldi á árinu 2024 er að meðaltali 506 á önn og heildarfjöldi starfsfólks um 70.

Boðið er upp á nám í málmiðngreinum, húsasmíði, rafvirkjun og á sjúkraliðabraut ásamt hefðbundnu bóknámi til stúdentsprófs og öflugri starfsbraut. Auk náms í dagskóla er boðið upp á dreif- og helgarnám í húsasmíði, á sjúkraliðabraut og í meistaranámi.

Sérstaða og áherslur skólans frá 2020 felast í lýðræðislegum stjórnunar- og kennsluháttum, sterkum tengslum við atvinnulíf og íþróttir á svæðinu, persónulegri þjónustu, notalegu andrúmslofti og fjölbreyttu námsframboði.

Skólameistari FVA frá 1. janúar 2020 er Steinunn Inga Óttarsdóttir og er hún sjötti skólameistarinn frá stofnun skólans.

Jafnrétti – Virðing – Fjölbreytileiki

Ágrip

Á þessu starfsári var mikil áhersla lögð á virka þátttöku allra í stefnumótun fyrir skólann. Unnu bæði deildarstjórar og kennarar dyggilega að stefnunni og settum markmiðum. Þá var mikið lagt í stuðning við nemendur, einkum við nemendur sem eru með annan fótinn á starfsbraut og við þá sem koma með D í stærðfræði úr grunnskóla. Stoðþjónustan hafði í mörg horn að líta að vanda og mætti nefna því til stuðnings a.m.k. 26 mál sem unnið var með í samþættingu til farsældar og um 900 bókuð viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum á skólaárinu, sjá nánar í kaflanum Stuðningur, bls. 12.

Áhersla er lögð á velferð nemenda og starfsfólks í hvívetna og vel búið að öllum varðandi aðbúnað, tæki og tól. Nemendur grunnskóla voru hvattir til að komam með tölvur í skólann og kennarar hvattir til að nýta það í kennslustundum. Stutt er við starfsmannafélagið KOSS og nemendafélagið NFFA með ráðum og dád. Fleiri vettvangsferðir með nemendur voru farnar en áður skv. áherslum í stefnumótun um fjölbreytt nám og áhugavekjandi kennsluhætti og var það bæði lærdómsríkt og skemmtilegt. Að sinna húsnæðismálum tók sinn tíma enda þarfnast húsnæðið endurbóta hér og þar og hægt gengur að koma verkefnum af stað hjá Framkvæmdasýslunni.

Þá var gengið vasklega í að fjölga útskrifuðum í iðnnámi, m.a. með því að ýta meistaraskóla aftur úr vör eftir langt hlé. Mikil og góð aðsókn var í meistaraskólann en kennslan þar reyndist kostnaðarsöm enda fór hún að mestu fram í yfirvinnu, með dreifnámi í staðlotum á laugardögum. Brautskráð verður úr meistaraskólanum í maí 2025 en það veltur á eftirspurn og fjárhagsstöðu skólans hvort verður innritað á ný vorið 2026.

Gervigreindin skýtur upp kolli víða og skapar margvíslegar áskoranir. Kennarar hafa brugðið á ýmis ráð til að hamla gegn misnotkun á henni í skilaverkefnum og ritgerðum. Kennarar sinntu starfsþróun á eigin vegum að vanda en auk þess er hvatt til hennar með bókun 2 úr samkomulagi við KÍ frá 2021 og boðið upp á miðvikudagsfundi með fræðslu og kynningum, á starfsdögum og í árlegum starfsmannasamtölum. Vorið

2024 hélt stór hópur starfsfólks til Porto þar sem tveir ólíkir skólar voru heimsóttir og liðsheildin eflað í leiðinni. Góður andi ríkir í skólanum og notalegt andrúmsloft í anda samskiptasáttmálans okkar.

Annað það sem helst bar til tíðinda úr skólastarfi á árinu 2024 er fært í annála sem eru aðgengilegir á vefsíðu FVA:


[Annáll vorannar 2024](#)

[Annáll haustannar 2024](#)

Nemendatölur


Meirihluti nemenda er frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit eða um 80% og um 20% koma annars staðar frá. Nemendur í dreifnámi búa flestir utan Vesturlands. Einingafjöldi námsbrauta fer eftir eðli náms, s.s. nám til stúdentsprófs á bóknámsbrautum er 200 einingar, starfsréttindanám í dreifnámi (sjúkraliðabraut) 203 einingar og lögverndað iðnnám í húsasmíði 243 einingar. Nemandi þreytir að meðaltali 65 einingar á skólaári en hlutfall lokinna eininga eftir 4 annir er að jafnaði um 85%. Á vorönn 2024 voru 502 nemendur í námi við skólann og í upphafi annar á haustönn 2024 voru 510 skráðir í skólann. Meðalfjöldi nemenda á árinu var því 506.

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni



Fjöldi nemenda eftir námsbrautum og brautskráðir nemendur

Námsbrautir	Vorönn 2024	Haustönn 2024
Nám til stúdentsprófs	218	227
Iðnnám (dagskóli og dreifnám)	189	165
Starfsbraut	35	31
Framhaldsskólabraut	15	18
Meistaránám (dreifnám)	34	36
Sjúkraliðabraut (dreifnám)	19	25
Nemendur alls	510	502



Brotthvarf

Skv. mælingum mennta- og barnamálaráðuneytisins (MRN) 2024 er árlegt nýnemabrotthvarf 4,0% hjá FVA en á landsvísi 4,7%. Árið áður, eða 2023, mældist brotthvarf 5,6% hjá FVA á móti 4,3% á landsvísi. Með öflugri náms- og starfsráðgjöf og stoðþjónustu er stöðugt unnið gegn brotthvarfi, sjá nánar í kaflanum Stefnumiðuð áætlun, bls 6.

Starfsfólk

Tölur


Stjórnendur skólans eru þrír: Skólameistari (kvk), aðstoðarskólameistari (kvk) og áfangastjóri (kvk). Skipurit skólans er aðgengilegt [hér](#).

Kennarar á skólaárinu voru 46,5 (meðaltal vor- og haustannar): Á vorönninni voru þeir 47 í 42,54 stöðugildum; þar af var 21 kona í rúmlega 19 stöðugildum og 26 karlar í rúmlega 23 stöðugildum. Á haustönn 2024 voru kennararnir 46 í 41,8 stöðugildum; þar af voru 26 konur í tæplega 23 stöðugildum og 20 karlar í tæplega 19 stöðugildum. Meðalaldur kennara á skólaárinu var 48,7 ár og meðalstarfsaldur tæplega 9 ár. Samhliða kennslu sinntu 9 kennarar deildarstjórn (6 konur og 3 karlar).

Hér til hliðar er mynd af aldursdreifingu kennara (meðaltal vor- og haustannar) en í árslok lauk einn kennari störfum vegna aldurs.

20-29 ára	3,5 kennarar	8%
30-39 ára	8 kennarar	17%
40-49 ára	12,5 kennarar	27%
50-59 ára	11 kennarar	24%
60-69 ára	11,5 kennarar	25%

Um 90% kennara eru með fagmenntun í sinni kennslugrein og kennsluréttindi; leiðbeinendur eru 5 en þar af



ljúka tveir kennsluréttindanámi á árinu 2025. Þrír leiðbeinendanna kenna í verknámi en þar hefur gengið verr en í bóknámi að manna stöður með kennurum með fullgild kennsluréttindi. Ath. að leiðbeinendurnir eru öll með fagmenntun í sinni kennslugrein. Stefnt er að því að allir kennarar verði með kennsluréttindi og undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á starfsþróun og menntun kennara, m.a. með mögulegum sveigjanleika í stundatöflu til að stunda kennsluréttindanám. Árangurinn má sjá á myndinni hér til hliðar en hlutfall kennara án

kennsluréttinda var 22% árið 2019 og hefur jafnt og þétt þokast í rétta átt og er tæp 11% haustið 2024.

Stoðþjónusta og annað starfsfólk samtals 23 á haustönn: Tveir náms- og starfsráðgjafar (kvk) í 1,5 stöðugildum, annar er jafnframt deildarstjóri stoðeildar þar sem einnig starfa skólahjúkrunarfræðingur (kvk) í 50% starfi og sálfræðingur (kk) í 75% starfi. Á starfsbraut starfa auk deildarstjóra og kennara einn þroskaþjálfari (kvk) í 85% starfi, fjórir stuðningsfulltrúar (kvk utan einn kk) í um 85% starfi hver. Fjármálastjóri (kvk) er í 100% starfi, fulltrúi á skrifstofu (kvk) sem jafnframt er bókarari í 87,7% starfi, forstöðumaður bókasafns og upplýsingamiðstöðvar(kvk) í 100% starfi og sinnir einnig skjalastjórn, hefur umsjón með vef skólans og tók við verkefnum persónuverndarfulltrúa í lok ársins, gæðastjóri (kvk) í tímavinnu, umsjónarmaður fasteigna (kk) í 100% starfi, fimm ræstar (kvk utan einn kk) í samtals 2,5 stöðugildum, tveir starfsmenn (kvk) í mötuneyti í rúmlega hálfu stöðugildi hvor, einn matráður (kvk) í fullu starfi og vistarstjóri (kk) í fullu starfi á heimavist. Á árinu er annað starfsfólk ásamt stjórnendum samtals 26 í 21,3 stöðugildum.

Starfsfólki við ræstingar fjölgaði um 2 á haustönn en sinntu verkefninu áður í verktöku.

Einn kennari var í námsleyfi á árinu.

Starfsmannavelta á árinu var 4,3%

Listi yfir [starfsfólk FVA](#) á hverjum tíma er aðgengilegt á vefsíðu. Myndbirting er í samráði við viðkomandi.

Starfsþróun

Áhersla er á starfsþróun starfsfólks. Hvatningu til þess má m.a. merkja í kjara- og stofnanasamningi kennara þar sem staðfest er að þeir geta fengið tímabundið launaprep (að jafnaði 1 – 2 annir í senn) til að sinna starfsþróun, framþróun í starfi og nýsköpun í samræmi við þarfir skólans. Auk þess geta nýliðar í kennslu fengið prep fyrsta árið sitt. Einnig er tilgreindur stuðningur með svigrúmi í vinnutíma til að bæta við sig háskólanámi sem nýtist í starfi. Á grundvelli þessa luku tveir leiðbeinendur námi til kennsluréttinda á árinu í sinni kennslugrein og fyrir liggur að aðrir tveir ljúki því á komandi ári. Á árinu 2024 var úthlutað samtals 27 launaprepum skv. bókun 2 úr samkomulagi við KÍ frá 2021 til jafnmargra félagsmanna KÍ. Nýttist það í tengslum við gerð nýs námsefnis, nýrra áfanga, innleiðingu rafrænna kennsluhátta, leiðsagnarmat, þróun notkunar á spjaldtölvu, gervigreind o.fl.

Leiðsagnarnám er í markvissri þróun hjá nokkrum kennurum. Jafnframt eru deildarstjórar og kennarar virkir þátttakendur í stefnumótunarvinnu skólans sem eitt og sér felur í sér starfsþróun. Í tengslum við þessa vinnu eru mörg framsækin verkefni í gangi sem beinast t.d. að því að virkja og styrkja nemendur, auka námskraft, seiglu, færni og vellíðan. Eftir hentugleikum kynna kennarar verkefni sín, stöðu og árangur í þessum verkefnum, t.d. á kennarafundi og deildarfundum. Þá sóttu kennarar og annað starfsfólk FVA starfsþróunardag framhaldsskólanna sem var haldinn 1. mars 2024 ásamt starfsfólki 24 framhaldsskóla vítt og breitt af landinu. Dagskráin fór fram í 13 framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu, þátttakendur hlustuðu samtímis á fyrirlestra í streymi, kynntu sér aðstöðu og húsnæði hjá gestgjafa, báru saman bækur sínar og lærðu hvert af öðru.

Stefnumótunarvinna og stefnumiðuð áætlun

Stefnumótunarvinna hefur verið í gangi hjá FVA frá 2023 með þátttöku alls starfsfólks og uppfyllir



m.a. markmið í rekstrarþáttum í stefnumiðuðri áætlun um eflingu mannauðs og mótun framtíðarsýnar.

Stefnumótunarvinnan á rætur í meginmarkmiði skólastarfs í framhaldsskólum skv. aðalnámskrá og áherslum MRN ásamt Menntastefnu Íslands til 2030, þar sem kennarar eru hvattir til þróunarstarfs og nýbreytni í kennslu og bæði er horft til námsinnihalds og námsumhverfis. Með stefnumótunarvinnu eflum við skólastarfið í heild, nemendur, mannauðinn og ímynd FVA. Afraksturinn er sameiginleg framtíðarsýn fyrir FVA með fjórum grunnstöðum og undirliggjandi einkunnarorðum skólans, sbr. mynd.

FVA leggur áherslu á framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem

öll skipta máli og geta lært. Lykilárangursþættir fyrir hverja stoð voru skilgreindir og á árinu 2024 fór fram vinna í öllum deildum og einingum skólans við að móta aðgerðir þeim til uppfyllingar og hrinda þeim í framkvæmd. Stjórnendur og deildarstjórar stýrðu framgangi með stuðningi utanaðkomandi ráðgjafa frá [Hugsýn](#) og skólameistara sem veittu reglubundna eftirfylgd. Mótuð voru markmið og aðgerðir þar sem fólk hugsaði út fyrir boxið og voru til þess fallnar að styðja við lykilárangursþættina. Áhersla var á fjölbreytta kennsluhætti, nýta leiðsagnarmat og finna leiðir með nemendum (viðtöl, hvetja til samskipta og samvinnu



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

meðal nemenda) til að auka virkni þeirra, efla áhuga og seiglu, styrkja þau til að fara út fyrir þæginda-rammann og takast á við krefjandi verkefni, s.s. í [LOVE](#) áfanganum (lokaverkefnisáfangi sem var verið að keyra í fyrsta skipti). Leiðirnar voru fjölmargar; nefna má kynningar og lokapróf, fjölgun á munnlegum verkefnum, hvatningu/þjálfun í að nýta gervigreindina til gagns, fjölgun vettvangsferða í tengslum við námsefnið, mismunandi verkefnaskil þar sem nemendur eru með í ráðum, viðtöl og „útgöngupassa“. Mælikvarðar á árangur verkefna og aðgerða rúmuðust að jafnaði innan mælikvarða í stefnumiðaðri áætlun en í sumum tilvikum voru þeir aðrir.



Stefnumiðuð áætlun FVA til þriggja ára er í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og endurspeglar áherslur stjórnvalda hverju sinni. Skólastjórnendur með aðkomu fjármálastjóra og gæðastjóra vinna áætlunina og hafa eftirfylgd við markmið hennar. Samhliða endurskoðun var áætlunin uppfærð fyrir árin 2025-2028. FVA leggur áherslu á velferð nemenda, námskraft og árangur í lýðræðislegu umhverfi. Þetta kemur heim og saman við [stefnumótun á málefnasviði framhaldsskóla](#) þar sem framtíðarsýnin er að fleiri einstaklingar verði virkir og skapandi þátttakendur í samfélaginu. Þar er grunnurinn nám í takt við þarfir samfélags með samhæfðri þjónustu fyrir viðkvæma hópa, stuðningur við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi. Yfirlit yfir valin markmið, mælikvarða og aðgerðir í [stefnumiðaðri áætlun FVA](#) er aðgengilegt á vefsíðu skólans og nær áætlunin bæði til [kjarnastarfsemi](#) og [rekstrarþátta](#). Í umfjöllun hér á eftir um áherslur og árangur miðað við setta mælikvarða, er jafnframt gerð grein fyrir hvernig stefnumótunarvinna í deildum studdi við markmiðin.

Kjarnastarfsemi - markmið, mælikvarðar og aðgerðir

- Bæta skólasókn og virkni í skólalífi hjá nemendum af erlendum uppruna
- Styðja við nemendur sem koma með D í stærðfræði og íslensku á grunnskólaprófi (framhaldsskólabraut)
- Fjölga útskrifuðum í iðn- og starfsnámi, styðja við hópa í brotthvarfshættu

Bæta skólasókn og virkni í skólalífi hjá nemendum af erlendum uppruna

Þrír mælikvarðar voru settir fyrir markmiðið sem er í raun tvíþætt. Einn mælikvarðinn er fjöldi lokinna eininga hjá þessum hóp; árangurinn var undir væntingum. Annar mælikvarði er hlutfall nemenda sem ná settum viðmiðum. Árangurinn var lítillega undir viðmiði. Þriðji mælikvarðinn var skólasóknareinkunn og viðmiðið sett á 5 sem náðist og aðeins betur. Aðgerðir fólust í að efla mentorkerfið sem er hluti af [móttökuáætlun](#) fyrir nem. með annað móðurmál en íslensku frá 2022, efla tengsl við foreldra, m.a. með fundum á pólsku og ensku og auka almennt stuðning við skólasókn og virkni. Í ljós kom að mentorkerfið var ekki að virka eins og upphaflega var áætlað. Móttökuáætluninni hefur hins vegar verið fylgt, studd samþættri þjónustu undir merkjum öflugrar [farsældar- og nemendabjónustu](#) FVA og markvissri eftirfylgd áfangastjóra við skólasókn og virkni í námi. Unnið var að auknum tengslum við foreldra en ekki varð af fundum með hópnum og kom þar m.a. til skortur á túlki í sérhæfðri íslensku (t.d. í námskrá húsasmíði). Hér eru nokkur dæmi um aðgerðir deilda til umbóta í anda framtíðarsýnarinnar: Náms efni í ÍSAN endurskoðað, fjölbreyttum

kennsluháttum var beitt, samtöl við nemendur voru skipulögð, framkvæmd og fylgt eftir, stuðningur nemendaþjónustu virkjaður.

Styðja við nemendur sem koma með D í stærðfræði og íslensku á grunnskólaprófi (framhaldsskólabraut)

Mælikvarðar á árangur fyrir þetta markmið eru loknar einingar á skólaári með viðmiði um 44 ein. sem náðist ekki að fullu; skráning í frekara nám (í námi á 3. önn) með viðmiðinu 100% sem náðist ekki og var 80% og loks fjöldi þeirra sem útskrifast úr námi þar sem viðmið var 35% en árangur mældist mun meiri eða 50%. Aðgerðir fólust í að koma á fót aukaundirbúningsáfangi í stærðfræði og íslensku, hafa breiðara námsframboð á framhaldsskólabraut (sálfræði daglegs lífs, námstækni með tengingu við atvinnulíf) og auka stuðning inni í hópum eftir þörfum sem var gert m.a. með því að fjölga kennrurum við verkefnið (tveir í stað einn áður). Loks nokkur dæmi um aðgerðir deilda til umbóta í anda framtíðarsýnarinnar: Fjölbreyttir kennsluhættir, s.s. nýting spjaldtölva, taka viðtöl, vinna með endurgjöf, Thinking classroom o.fl.

Fjölga útskrifuðum í iðn- og starfsnámi, styðja við hópa í brotthvarfshættu

Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun): Fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi
Brotthvarf var valinn sem mælikvarði á árangur í þessu markmiði: Vélvirkjun með viðmiði um 15%, sjúkraliðabraut einnig með viðmiði um 15% og í dagskóla í húsasmíði með viðmiði um 25%. Þessum viðmiðum var öllum náð en aðgerðir sem sérstaklega var hugað að í þessu skyni voru helstar þessar: Í vélvirkjun var úrbótaáætlun frá fyrra ári fylgt og jafnframt var sjónum beint að því að skapa jákvætt og hvetjandi námsumhverfi sbr. stefnumótunarvinnu skólans; áhersla var á forvarnir þar sem velferð og fjölbreyttir kennsluhættir studdu verkefnið, s.s. vettvangsferðir sem var fjölgað; þá var tækjakostur bættur og hluti húsgagna endurnýjaður. Í dreifnámi á sjúkraliðabraut var sjónum beint að því að aðlagða kennslufyrirkomulag betur að þörfum nemenda. Þá var stuðningur við erlenda nemendur í húsasmíði aukinn þannig að meiri aðgangur fékkst að kennurum, t.d. í gegnum netið, prófspurningar voru lesnar og e.a. útskýrt með einfaldari hætti til að koma þeim af stað með verkefnið. Rætt hefur verið um að munnlegt próf sé mögulegt en ekki finnst túlkur sem treystir sér í svo sérhæft verkefni. Loks nokkur dæmi um aðgerðir deilda til umbóta í anda framtíðarsýnarinnar: Áhersla á virkni nemenda í náminu, nýta vettvangsferðir markvisst, taka viðtöl við nemendur, styðja við notkun á Innu, eftirlit með skólasókn.

Um brotthvarf

Framangreint fellur undir aðgerðir FVA til að draga úr brotthvarfi almennt með viðeigandi stuðningi í námi og að leitast við að tryggja vellíðan og farsæld nemanda. Áhersla er á að byggja upp þrautseigju og efla námskraft hjá nemendum með fjölbreyttum og faglegum kennsluháttum og öflugri stoðþjónustu. Haft er eftirlit með nemendum í brotthvarfshættu með viðeigandi inngripi þegar þess gerist þörf. Brotthvarfsmælingar MRN eru formlegur mælikvarði á brotthvarf en samkvæmt mælingum 2024 er árlegt nýnemabrotthvarf 4,0% hjá FVA en á landsvísu 4,7%. Árið áður eða 2023 mældist brotthvarf 5,6% hjá FVA á móti 4,3% á landsvísu. Einnig eru niðurstöður úr Framhaldsskólalámsins um vellíðan nemenda ásamt úrskriftarhlutfalli árgangs leiðbeinandi fyrir val á úrræðum. Dæmi um aðgerðir deilda til að vinna gegn brotthvarfi í anda framtíðarsýnarinnar: Taka viðtöl við nemendur og nýta til að styðja, valin verkefni laði að, skapa notalegan skólabrag og beina nemendum til stoðþjónustu eftir því sem við á.

Rekstrarþættir – Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

- Efla mannauð og ímynd FVA, móta framtíðarsýn og hlutverk og skilgreina mælikvarða
- Bæta stafræna þjónustu, gagnavörslu og gagnaskil
- Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í rekstri

Efla mannauð og ímynd FVA, móta framtíðarsýn og hlutverk og skilgreina mælikvarða

Staða FVA í Stofnun ársins var einn mælikvarðinn og var viðmiði náð og aðeins betur: Einkunn í feb. 2024 var 4,28 en viðmið var 4,25 og í feb. 2025 var einkunnin 4,31 en viðmið var 4,30; við höfum því náð settu marki hvað þetta varðar. Niðurstöður eru kynntar starfsfólki og þær nýttar til hvatningar til að gera alltaf betur. Annar mælikvarði var að fyrir lægju árangursmælikvarðar á framgang stefnu skólans á grundvelli stefnumótunarvinnu starfsfólks. Vísir að mælikvörðum varð til en þeir voru ekki fullmótaðir; inntak þeirra sneri almennt að góðri líðan nemenda, virkni og góðu námsgengi. Reglubundið var fundað með deildarstjórum þar sem farið var yfir aðgerðir og árangur og hvernig mætti gera betur. Áfram verður unnið með þetta. Þriðji mælikvarðinn laut að launum kennara, að þau væru samkeppnishæf samanborið við dagvinnulaun framhaldsskólakennara skv. launamynd KÍ. Þetta náðist með nýjum stofnanasamningi sem tók gildi þann 1.1.2024. Með átaki í þessu efni (þrír stofnanasamningar á jafnmörgum árum) náðum við settu viðmiði um samkeppnishæf laun kennara samanborið við KÍ launamyndir en í mælingum haustið 2024 voru dagvinnulaun kennara FVA í hópi átta efstu skólanna í stað þess að verma neðstu sætin eins og raunin var fyrir nokkrum árum. Á dagskrá var einnig að endurnýja stofnanasamning Sameykis; af því varð ekki en breytingar urðu á árinu fyrir starfsfólk í Sameyki og öðrum stéttarfélögum en KÍ með nýjum kjarasamningum þar sem kveðið er á um styttingu vinnuvikunnar sem þegar var búið að innleiða. Að sjálfsögðu er áhersla á launajafnrétti starfsfólks og árlegar launagreiningar gerðar á grundvelli jafnlaunakerfis FVA en niðurstöður frá upphafi úttekta (2020) eru metnar málefnalegar og útskýrðar. Kennsluráðgjöf og móttaka nýs starfsfólks var styrkt í sessi og einnig voru reglubundin nýliðasamtöl auk hefðbundinna árlegra snerpu- og starfsmannasamtala. Vel er stutt við KOSS, starfsmannafélag starfsfólks sem heldur úti öflugu félagsstarfi sem léttir lund allra, fagnar mikilvægum áföngum og gerir okkur glaðan dag af ýmsum tilefnum. Einnig er stutt vel við heilsueflingarteymið sem kappkostar að virkja okkur til heilsusamlegs líferniss og stendur fyrir heilsuþætandi átaksverkefnum; þá hefur ýmis búnaður verið bættur, s.s. húsgögn bæði í kennslustofum og í kaffiðstöðu sem og ýmis tækjabúnaður.

Bæta stafræna þjónustu, gagnavörslu og gagnaskil

Fyrsti mælikvarðinn er þroskastig skjalavistunarkerfisins skv. mælingum Þjóðskjalasafnsins en á árinu 2022 var kerfið okkar á þroskastigi 1. Skjalavistunaráætlun og málalykill 2023-2028 voru samþykkt 2023. Til viðbótar eru allir tölvupóstar sem lúta að málum í málaskrá skráðir en það er á ábyrgð þeirra sem eru ábyrgir fyrir viðkomandi máli að skrá þá inn. Öll pappírsskjöl afhendingarskylds aðila sem eru orðin eldri en 30 ára hafa verið frágengin og skráð samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns og afhent safninu til varanlegrar varðveislu og var FVA fjórði í röð framhaldsskóla landsins sem skilaði þessu af sér. Sett var markmið um að ná 2. þroskastigi en í lok árs 2024 höfum við náð á þroskastig 3 með 19 stig sem er umfram það sem við töldum okkur geta þegar mælikvarðinn var ákveðinn á sínum tíma. Til að komast ofar þarf að tilkynna öll önnur rafræn gagnasöfn, þar með talin úreld gagnasöfn og fá niðurstöðu um varðveislugildi þeirra.

Annar mælikvarði var innleiðing á beiðnakerfi hjá umsjónarmanni fasteigna, tölvuþjónustu og skrifstofu til að bæta forgangsörðun verkefna og að þetta yrði komið í framkvæmd árið 2024, aðgengilegt í gegnum Menntaský eða CCQ (gæðahandbók á vefnum). Það hefur ekki náðst en drög eru fyrirbyggjandi og til stendur að prufukeyra þau á fyrri hluta árs 2025.

Þriðji mælikvarðinn var að rafræn atvikaskráning sem hófst 2022 yrði komin í fulla virkni 2024. [Skráning atvika](#) er gerð í gegnum vef skólans. Árlega er tekin saman skýrsla, þ.m.t. talið yfirlit (öryggiskrossinn) yfir fjölda atvika, fjölda sem varð fyrir atviki, eðli og afleiðingar, s.s. fjarvera frá vinnu eða skóla í kjölfarið. Einfalt yfirlit er birt á starfsmannafundi til að styrkja öryggismenningu. Skráðum atvikum er fylgt eftir og skoðað með öryggisnefnd hvort og hvernig megi gera úrbætur til að koma í veg fyrir endurtekin atvik af sama toga. Gæði í skráningum eru meiri en áður.

Utanumhaldið er liður í uppbyggingu öryggismenningar en öryggi endurspeglar gæði og það er það sem við viljum. Haustið 2024 voru teknar saman [reglur um nemendaferðir](#) þar sem m.a. er tekið á viðbrögðum við ófyrirséðum atvikum; þær verða endurskoðaðar á næsta ári og uppfærðar í ljós reynslunnar.

Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í rekstri

Fyrst er að nefna mælikvarða um framþróun í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri. Úttekt Umhverfisstofnunar fór fram í nóvember 2024 sem staðfesti í kjölfarið að 5. græna skrefinu væri náð sem var í samræmi við áætlun. Umhverfis- og loftslagsstefna var uppfærð, sett samgöngustefna og skilgreindar aðgerðir og fræðsla fyrir næsta ár (2025); allar upplýsingar eru aðgengilegar á [vefsíðu](#) skólans. Umhverfismál hafa vægi hjá FVA, t.d. er áfanginn [umhverfisfræði fyrir alla](#), skylduáfangi ætlaður nemendum af öllum námsbrautum og sérstakur umhverfisfulltrúi hefur skilgreind verkefni sem ná bæði til starfsfólks og nemenda. Hann minnir okkur á ýmis



[umhverfisverkefni](#) og „umhverfisdaga“. Skólinn tekur þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum á sviði loftslags- og umhverfismála, s.s. Nordplus og Erasmus+ verkefnum. Næsta úttekt Umhverfisstofnunar verður 2028.

Annar mælikvarði varðar fjölda samgöngusamninga og hvatningu til starfsfólks til að gera slíkan. Samningurinn byggir á [samgöngustefnu FVA](#); hann minnir okkur á að mikilvægt er að huga að umhverfinu, ýtir undir meðvitund fyrir umhverfis- og loftslagsmálum og hvetur til vistvænna samgangna. Viðmið fyrir árið 2024 var að 28 samningar væru í höfn en okkur tókst að gera betur og fyrirbyggjandi samningar eru nú 34. Minnt er á samgöngusamningana þegar það á við, s.s. í starfsmannasamtölum.

Notkun tveggja hleðslustöðva sem skólinn lét setja upp árið 2022 er þriðji mælikvarðinn. Viðmið fyrir árið 2024 var notkun upp á 34.091 kWh en raunnotkun varð öllu minni eða 23.222 kWh. Líklegar skýringar á þessu er að önnur hleðslustöðin var biluð meiri hluta ársins og var enn biluð í upphafi árs 2025 en einnig má gera því skóna að heimahleðslustöðvum hafi fjölgað frá 2023. Það þarf því að endurskoða þennan mælikvarða en eftir sem áður er þessi þjónusta í boði (þó ekki auglýst) fyrir nemendur, starfsfólk og nágretta. Undir aðgerðum er einnig talað um að flokka og losa lífrænan úrgang en allt sorp er flokkað í skólanum og lífrænn úrgangur í mótuneyti fer í gegnum sorpkvörn eða í hænur eins starfsmanns. Hafa þarf í huga að við erum háð fyrirkomulagi hjá Akraneskaupstað en flokkun sorps skv. fjórflokkun hófst síðla árs 2024 en er ekki komin að fullu í gagnid fyrir fyrirtæki og stofnanir.



Nám

Skólanámskrá FVA er endurskoðuð árlega með það að markmiði að tryggja ávallt gæði menntunar. Þar er fjallað um skólastarfið almennt, námsframboð, kennsluhætti, námsmat, prófareglur, verkefnaskil o.fl. Ný skólanámskrá tók gildi í júní 2024 eftir yfirferð og minni háttar breytingar.

Nýrri braut, iðnmeistaránámi (meistaraskóli) var hleypt af stokkunum á vorönn en um er að ræða dreifnám til þriggja anna. Nýr 5 eininga áfangi, LOVE3ST05, Lokaverkefni til stúdentsprófs, var einnig gangsettur. Þá voru áfangar á rafvirkjabraut endurskoðaðir og náminu þjappað á sex annir í stað sjö áður og gengu breytingarnar vel.



Á vefsíðu, undir Námsbrautir, eru upplýsingar um námsframboð og gildandi brautalýsingar á hverjum tíma. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir námsbrautirnar árið 2024:

Námsframboð	Brautir á vorönn 2024	Brautir á haustönn 2024
Almennt nám	Framhaldsskólabraut (FRH)	Framhaldsskólabraut (FRH)
	Félagsvísindabraut (FÉL)	Félagsvísindabraut (FÉL)
	Náttúruvísindabraut (NÁT)	Náttúruvísindabraut (NÁT)
Nám til stúdentsprófs	Opin stúdentsbraut (OS)*	Opin stúdentsbraut (OS)*
	Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)	Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)
	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)
Iðnnám	Námsbraut í húsmíði (HÚS)	Námsbraut í húsmíði (HÚS)
	Námsbraut í vélvirkjun (VÉL)	Námsbraut í vélvirkjun (VÉL)
Starfstengt nám annað en iðnnám	Sjúkraliðabraut (SJÚ)	Sjúkraliðabraut (SJÚ)
Nám til meistararéttinda í iðngrein	Iðnmeistarabraut (MEIS)	Iðnmeistarabraut (MEIS)
Nám fyrir nemendur með þroskahömlun og skyldar raskanir	Starfsbraut (ST4)	Starfsbraut (ST4)
Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann	Ótilgreint nám (ÓTN)	Ótilgreint nám (ÓTN)

*Á opinni stúdentsbraut geta nemendur sérhæft sig t.d. á sviði íþróttar og heilsuefningar, lista og nýsköpunar, í tungumálum, tónlist eða í viðskiptagreinum.

Í kaflanum Nemendatölur, bls. 3, má sjá skiptingu nemenda á námsbrautir.

Félagslíf og nám

Nám á sér stað með ýmsum hætti, ekki aðeins í kennslustofunni og í glímu við úrlausn formlegra verkefna samkvæmt skólanámskrá. Þátttaka í annars konar verkefnum, s.s. skipulögðum vettvangsferðum í tengslum við námsefnið, þar sem reynsla nemenda frá því að vera á staðnum, sjá með eigin augum og tengja við námsefnið, hvort heldur í samtali eða verkefni er til þess fallið að viðhalda áhuga og fela í sér nám. Sem dæmi um vettvangsferðir á árinu má nefna heimsóknir á söfn og sagnaslóðir með leiðsögn í tengslum við verkefni sem nemendur höfðu nýverið lært um í sínum áföngum (þar með talið ferð til Póllands í tengslum við sögu og til Berlínar í þýskuáfangi). Þá voru farnar sögugöngur í nærumhverfi FVA, leikhúsferðir, heimsókn í vélsmíðu, Veitur, Helligheiddarvirkjun og fleira. Þessi vinna fór markvisst fram á haustönninni og



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi



árangur metinn í lok annar. Mikil ánægja er með þetta en líka mikill kostnaður (rútur). Þá er þátttaka í öflugum félagsstarfi og klúbbstarfsemi mikilvæg og nemendur FVA eru hvött til þátttöku enda er hún til þess fallin að efla þau og styrkja þar sem þau prófa sjálf, nýta rödd sína, láta í ljós skoðanir og hafa þannig áhrif á nærsamfélag sitt með virkum hætti. Fjöldi nemenda tók þátt í klúbbstarfi en mest var þátttaka í Melló, leiklistarklúbbnum sem setti söngleikinn Grease á svið með aðkomu um 70 nemenda, sjá nánar hér neðar. Nemendur geta mögulega áunnið sér 1-5 einingar á skólaári fyrir verulega vinnu að félagslífi á vegum nemendafélagsins NFFA, en

lágmarksframvinda í námi er tilskilin, 20 ein. á önn. Skólameistari ákvarðar um þetta í lok annar að fengnum tillögum frá stjórn NFFA.

Á árinu 2024 voru haldnir 4 dansleikir fyrir nemendur og voru þeir haldnir í skólahúsnæðinu; nemendur frá MB komu á lokadansleik á vorönninni. Nemendur hafa val um að fara í Edrú-pottinn þar sem vinningar eru veglegir og blása þá í áfengismæli. Leit er gerð á öllum nemendum en enginn er tilneyddur en fer hins vegar ekki inn á dansleik ef hann hafnar. Dansleikir fara almennt mjög vel fram og hegðun nemenda til fyrirmyndar. Grease var sýnt alls 11 sinnum fyrir fullu húsi við feiknagóðar undirtektir. Stór hópur nemenda tók þátt og sáu þau um ljós, tónlist, búninga og kynningarmál o.fl. Foreldrar nemenda í leiklistarklúbbnum aðstoðuðu við sviðsmyndagerð. Nokkrir klúbbar voru starfandi innan NFFA og á haustönn var sett upp dagskrá viðburða þar sem ákveðinn klúbbur hafði veg og vanda að hverjum viðburði, s.s. spilaklúbbur, P-max klúbburinn og þrónaklúbbur. Viðburðirnir voru haldnir í Hvíta húsinu, félagsmiðstöð á vegum Akraneskaupstaðar fyrir 16-25 ára. Viskuklúbburinn heldur utan um þátttöku nemenda í Gettu betur og Íþróttaklúbbur sér um íþróttakeppnir en nemendur FVA kepptu í Winter Cup við MB og FSN. Félagslífsfulltrúi er úr röðum kennara og er í sem svarar 25% starfshlutfalli, með fasta vikulega fundi með stjórn NFFA og er henni til halds og trausts. Fulltrúinn er einnig í góðu samstarfi við nemendapjónustu, skólastjórnendur, umsjónarmann fasteigna og annað starfsfólk eftir því sem við á.





Starfsbraut

Fjöldi nemenda á starfsbraut haustið 2024 var 35 og fjölgaði þeim umtalsvert eða um 11 frá haustinu áður. Brautin telur deildarstjóra sem jafnframt er sérkennari og á sæti í stoðteymi skólans, fjóra aðra sérkennara, einn þroskaþjálfara og fjóra stuðningsfulltrúa. Brautin er vel búin og öll rýmin hafa verið standsett á sl. tveimur árum. Þrjár fullbúnar kennslustofur, nýtt kennslueldhús, skrifstofa deildarstjóra, salernisaðstaða fyrir nemendur með fötlun og sér herbergi fyrir nemanda sem þess þarf. Brautin hefur aðgengi að fullbúinni tölvustofu en kominn er tími á að endurnýja spjaldtölvur.

Kennarar brautarinnar sjá að mestu um að útbúa námsefnið og nemendur greiða efnisgjald. Stefna starfsbrautar er að efla sjálfstæði nemenda til að verða fullgildir þegnar í samfélaginu og geta fótast sig í lífinu í samræmi við réttindi sín og skyldur. Kennslan og stuðningurinn gengur því út á að efla þau til sjálfstæðis, auka þekkingu þeirra á umhverfi sínu og lesa rétt í aðstæður. Nemendur sem hafa getu til eiga kost á að stunda almennt nám með stuðningi. Áhersla er á að nemendur nýti styrkleika sína í verkefnum og fái viðeigandi aðstoð, s.s. við lestur og úrvinnslu í hefðbundnum námsgreinum en sérstök áhersla er á samskipti, heilbrigði og hreyfingu, matreiðslu, og loks starfsnám sem nemendur hefja á þriðja ári. Þar er bóklegi hlutinn kenndur, þ.e. vinnusiðferði, réttindi og skyldur á vinnustöðum og einnig fá nemendur kynningu á störfum í nærsamfélaginu. Á fjórða ári fá nemendur að spreyta sig í tíu vikur á vinnustað sem er fundinn í samráði við nemendur; stuðningsfulltrúi fylgir þeim á staðinn og er til taks fyrir þau og atvinnurekendur eftir þörfum. Samstarf við foreldra/-forráðamenn og grunnskólana á Akranesi er mikið og gott sem og við aðra hagaðila.



Heimavist

Við skólann er starfrækt heimavist með 30 herbergjum, eldhúsi, þvottahúsi og sameiginlegri dagstofu. Vistarstjóri er í fullu starfi, auk þess eru næturvaktir um helgar. Húsnæðið er orðið þreytulegt enda mæðir mikið á því og enn er þess beðið að beiðnir til Framkvæmdasýslu ríkisins um úrbætur sem löngu hafa verið samþykktar komist í verk. Herbergin þarf að mála, gólfefni eru slitin og það herbergin þarfnast algerrar endurnýjunar. Svalir þarfnast viðgerðar og er það aðkallandi áður en slys verður, koma þarf upp aðstöðu fyrir ruslatunnur og malbika bílastæðin, svo dæmi séu tekin um brýn verkefni. Áður hefur verið bent á það hér á þessum vettvangi að herbergishurðir eru hvorki eldtraustar né hljóðeinangraðar svo öryggi íbúa er ábótavant. Ríkið má til með að sinna viðhaldi á heimavist skammlaust svo nemendur sem koma langt að geti stundað nám sitt við skólann í þægilegum og öruggum vistarverum.

Stuðningur

Á árinu var stoðteymi skipað náms- og starfsráðgjöfum í 1,5 stöðugildum, skólahjúkrunarfræðingi í 50% stöðu (12,5% hlutfall er greitt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands) og sálfræðingi í 75% starfshlutfalli. Er teymið nemendum til halds og trausts og vinnur m.a. með EKKO-mál. Á haustönn breyttist stöðugildi náms- og starfsráðgjafa tímabundið í 1,75 stöðugildi með tilkomu nýrrar námslínu, starfstengd námslína (viðbótarhlutfall er greitt með styrk frá Rannís) í tengslum við aukinn stuðning við nemendur í brotthvarfshættu. Á skólaárinu voru um 900 viðtöl bókuð hjá náms- og starfsráðgjöfum en viðtölin voru þó mun fleiri þar sem nemendur koma oft til að fá ráðgjöf án þess að vera með bókað viðtal. Hjá skólahjúkrunarfræðingi

var fjöldi viðtala um 220 og um 170 hjá sálfræðingi. Dyr stoðteymis standa nemendum og forráðamönnum þeirra ávallt opnar án tillits til þess hvort viðtal var bókað eða ekki.

EKKO-teymi FVA vinnur ötullega að forvörnum og sérhæfir sig í viðbrögðum við einelti, kynbundnu og kynferðislegu áreiti. Í teyminu sitja námsráðgjafar, jafnréttisfulltrúi, fulltrúar nemenda, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi stjórnenda. Í Viku Sex skipulagði teymið ásamt stjórn NFFA og Jafnréttisklúbbum Bríeti metnaðarfulla fræðsludagskrá og sá um skipulag viðburða þar sem þemað var kynheilbrigði. Stefna, forvarnaráætlun, verklagsreglur og leiðbeiningar um meðferð EKKO mála eru aðgengileg í [gæðahandhandbók](#) skólans á vefnum. Endurskoðun fer reglubundið fram, næst vorið 2025.

Farsældarteymi, skipað þremur tengiliðum ásamt deildarstjóra starfsbrautar er öflugt en teymið fundar reglulega og fulltrúar þess taka þátt í samstarfi við Akraneskaupstað frá hausti 2022, á grundvelli laga nr. 86/2021 en Akranes er innleiðingarsamfélag á farsældarlögunum. Á árinu 2024 nutu 29 nemendur samþættrar þjónustu í skólanum á grundvelli farsældarlaga.



Skólinn tekur einnig þátt í samstarfi gegn ofbeldi og afbrotum með helstu lykiladílum á Vesturlandi og hefur formleg samstarfsyfirlýsing verið undirrituð. Þá var námsaðstoð í stærðfræði og íslensku veitt í Verinu og hefur aðsókn aukist frá fyrra ári.

Erlend samskipti – alþjóðlegt samstarf

FVA er vottaður Erasmus-skóli 2022-2027 og lítur FVA svo á að alþjóðasamskipti eigi að vera hluti menntunar í nútímasamfélagi, sbr. [Alþjóðastefnu FVA](#). Markmiðið er að efla víðsýni, auka skilning á öðrum menningarheimum, stuðla að virku samtali við önnur lönd, kynnast ólíkum sjónarhornum, siðum og venjum. Í WIFII verkefninu sem fjallar um fjölbreytileika og inngildingu er t.d. komið inn á gildi skólans; Jafnrétti, virðing, fjölbreytileiki. Í Art Lighthouse verkefninu (og Be Green sem lauk á síðasta ári) er komið inn á umhverfismál og sjálfbærni. Á árinu 2024 voru verkefni mörg og utanumhaldið margþætt, s.s. við undirbúning, ferðir, kynningar, fundi og úrvinnslu, þar með talið skýrslugerð og eftir atvikum gerð kennsluefnis. Jafnframt er fjallað um [alþjóðlegt samstarf í skólanámskrá](#) og þar má nálgast reglur sem varða ferðir og þátttöku. Á haustönn 2024 var unnin [verklagsregla og viðbragðsáætlun](#) í tengslum við nemendaferðir og mögulega áhættu þeim tengdar en hvort tveggja er uppfært eftir þörfum. Í töflunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir verkefni á sviði alþjóðlegs samstarfs á árinu 2024, nemendaferðir og gestakomur til FVA:

Erlent samstarf:

Heiti verkefnis	Megininntak (s.s. umhverfismál)	Ferð (Hvert) eða móttaka hjá FVA	Fjöldi kennara FVA	Fjöldi nem. FVA	Fjöldi gesta hjá FVA
Erasmus+	Lýðheilsa - sjálfbærni	Þýskaland – Stralsund – 6 d	2	4	
Erasmus+	Vinnust.þjálfun	Þýskaland – Hildesheim – 4 d	1	4	
Erasmus+	Job Shadowing	Þýskaland – Gifhorn – 4 d	2	-	
Nordplus	Art Lighthouse – sjálfbærni í listum	Litháen - 6 d	2	8	
Nordplus	Art Lighthouse – sjálfbærni í listum	Hjá FVA – 2 löndum	3		4 kenn./16 nem.
Erasmus+	WIFII – (fjölbr.leiki og inngildingu – undirbúningsfundur)	Frakkland – 4 d	2	-	

Erasmus+	WIFI	Spánn – Cordoba – 7 d	2	4	
----------	------	-----------------------	---	---	--

Áfangatengdar ferðir til útlanda:

Aðrar ferðir	Tenging við áfanga	Hvert farið	Fjöldi kennara FVA	Fjöldi nem. FVA
FVA	SAGA2SH05	Pólland	2	13
FVA	EVRÓ2BE05	Þýskaland - Berlín	2	8

Erlendir gestir (ekki tengt Erasmus/Nordplus verkefnum):

Hvaðan gestir koma	Megininntak	Fjöldi gesta
Danmörk – Sønderborg (1 d. mars)	Kynning á íþróttaskóla á sal	2 kennarar
Danmörk – Farsoe Efterskole (1 d. mars)	Móttaka og kynning á skóla	3 kennarar og 20 nem.
Þýskaland – Stralsund (4 d. apríl)	Kynnisferð	2 kennarar
Þýskaland – Stralsund (5 d. apríl)	Kynning á skóla, farið í ferðir og kennslust.	2 kennarar og 5 nem
Ítalía – Liceo Statale Lombardo Radic (5 d. apríl)	Móttaka og ferðir, farið í kennslustundir	2 kennarar
Holland (1 d. apríl)	Kynna sér skóla á aðgreiningar - Starfsbraut	13 kenn. og annað starfsf.
Þýskaland – Walter Gropius Schule (1 d. apríl)	Kynna sér verknám	2 kennarar
Portúgal	Skólaheimsókn (maí 24)	2 kennarar
Þýskaland – Hildesheim (1 d. sept.)	Kynna sér verknám	4 skólastjórnendur
Danm., Svíþjóð og Finnland (Norraenafél. á Akranesi)	Kynning	12 kennarar og 2 nem.
Danmörk	Þáttt. í dönskutíma	2 kennarar og 2 nem.

Ýmis áhersluverkefni - framvinda

Auk aðgerða sem tíunduð eru í tengslum við markmið stefnumiðaðrar áætlunar og stefnumótunarvinnu starfsfólks er fjöldi annarra verka í gangi á hverjum tíma. Reglubundið er lagt mat á hvort framvinda er í samræmi við væntan árangur og brugðist við eftir því sem við á. Helstu verkefni voru eftirfarandi:

- Gæðastjórnun sem hefur að markmiði að unnið sé að stöðugum umbótum á öllum sviðum skólastarfsins, kennslu, þjónustu, faglegs samstarfs, samskipta og stjórnunar. Gæðahandbók FVA á vefnum geymir gæðaskjöl eins og verklagsreglur sem er ætlað að tryggja samræmda og rétta meðferð mála.
- Jafnlaunakerfi FVA sem var innleitt 2020; árleg úttekt löggiltrar vottunarstofu hefur staðfest að kerfið og framkvæmd hjá FVA uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85-2012, síðast í febrúar 2024. Verklagsreglur og önnur skjöl kerfisins eru aðgengileg í Gæðahandbók (undir jafnlaunamál).
- Skólinn er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og Heilsueflandi vinnustaður en öflugt heilsueflingarteymi (starfsfólk í samstarfi við fulltrúa nemenda), mótar og stýrir lengri og skemmri átaksverkefnum, bæði fyrir nemendur og starfsfólk, sem styðja við heilbrigðan lífsstíl.
- Stöðugt er fylgst með því að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við lög þar um. Persónuverndarstefna, leiðbeiningar og verklagsreglur um meðferð persónuverndarmála eru aðgengileg í Gæðahandbók (undir persónuverndarmál). Persónuverndarfulltrúi leiðbeinir nemendum og starfsfólki um hvað má og hvað ber að varast varðandi persónuvernd.
- Samskiptasáttmáli FVA er leiðbeinandi fyrir nemendur og starfsfólk um góð og árangursrík samskipti. Honum var haldið á lofti í leik og starfi til að styðja við stefnu skólans og EKKO forvarnir ásamt gildunum jafnrétti, virðing og fjölbreytileiki.
- Í tengslum við fjölbreytileika var hugað að inngilding; skólinn tók þátt í könnun, inngildingarpúlssi Öldu þar sem meðal inngildingarvísitala er 3,4 stig. FVA mældist með 4,07 stig sem er vísbending um að starfsfólk upplifi að það tilheyri og sé virt á vinnustaðnum, óháð bakgrunni.
- Jafnréttismál; jafnréttisfulltrúi hélt áfram úti fræðslu, m.a. í fréttabréfi skólans, fyrir starfsfólk með áherslu á hugtaka- og orðanotkun í kynjafræðum og jafnréttismálum. Kennarar tóku í

framhaldi umræðu með nemendum um málin. Jafnréttisfélagið Bríet er starfandi og sér m.a. um að fylla á tíðavörur á salernum skólans.

- Fimmt Græna skrefinu, lokaskrefinu, var skilað í hús síðla árs og var það staðfest af Umhverfisstofnun. Skólinn býr því að [umhverfisstjórnunarkerfi](#) til að tryggja viðhald á öflugu umhverfisstarfi eins og fyrirbyggjandi [fræðsluáætlun](#) ber með sér.
- Einnig býður mótuneyti skólans upp á heilsusamlegt fæði í hádegi og grænkerafæði er valkostur. Þá er boðið upp á frían hafragraut að morgni.



- Öryggismál fengu sitt pláss á árinu, bæði í formi funda öryggisnefndar, úttekta á vinnuumhverfi, endurnýjun öryggismerkinga í vélasölum, brunaæfingum, skyndihjálparnámskeiði og með nýjum reglum og leiðbeiningum vegna [nemendaferða](#) (aðgengilegar í gæðahandbók).

Samstarf við aðra

Skólinn er í formlegu samstarfi með Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja um ýmis sameiginleg mál og funda skólarnir saman einu sinni í mánuði. Auk þess er samstarf við Menntaskóla Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóla Snæfellinga einu sinni á önn um ýmis fagleg mál, s.s. félagslíf nemenda o.fl. Skólinn á einnig samstarf við grunnskóla á Vesturlandi, t.d. varðandi innritun og félagslíf í skólanum. Þá á skólinn gott samstarf við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Stóriðjuskóla Norðurláns um námsframboð.

Gott samstarf er haft við Akraneskaupstað um velferð nemenda. M.a. eru vikulegir fundir haldnir í farsældarteymi FVA með fulltrúum frá Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar. Einnig er haft gott samstarf við Tónlistarskólann á Akranesi og grunnskólana tvo í bænum. Kynning á námi í FVA, bæði bóknámi, iðnnámi og á afrekssviði í íþróttum, er alla jafna fastur punktur. Skólameistari situr í stjórn Þróunarfélags um nýsköpunarsetur á Breið á Akranesi. Á Breið er FabLab-smiðja Akraness þar sem nemendur FVA eiga fasta tíma í stundatöflu og hefur skólinn skilað umsömdu framlagi ráðuneytis upp á 5 milljónir til félagsins. Reikningur þess efnis kom seint frá ráðuneytinu í ár og skekkti þar með okkar bókhaldstölur.

Skólameistari var skipaður varamaður í kennararáði þann 19. september; nánar um hlutverk má sjá í 7. gr. laga nr. [95/2019](#) um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Ráðið fundar mánaðarlega að jafnaði og hefur starfsaðstöðu hjá Menntamálastofnun. Skólameistari er aðalmaður í uppstillinganefnd Skólameistarafélags Íslands.

Gjöfult samstarf er við Heilsugæslu Vesturlands (HVE) um nám og kennslu á sjúkraliðabraut. Skólinn er í samstarfi við HVE um nemendapjónustu og greiðir HVE 12,5% starfshlutfall geðhjúkrunarfræðings.

[Skólanefnd](#) fundaði tvisvar á árinu 14. maí og 20. nóvember. Formaður er Liv Áse Skarstad.

[Foreldraráð FVA](#) fundar reglulega og á gott samstarf við stjórnendur skólans. Formaður er Auður Línal.

Staða FVA á Vesturlandi

Staða FVA er sterk á Vesturlandi. Þar spilar inn í fjölbreytt námsframboð, hæfilegur fjöldi nemenda og ágætur fjárhagur. FVA er eftirsóttur vinnustaður sem nýtur virðingar og velvildar í samfélaginu og aðsókn að skólanum er góð.

Mat á skólastarfi

Innra mat er framkvæmt árlega í lok hvers skólaárs og umfjöllun um niðurstöður og mat, m.a. á grundvelli niðurstaðna kennslukannana sem skólinn gerir og eftir atvikum ytri kannana, s.s. Stofnunar ársins og Skólapólsins. Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir innra mat 2022-2025 má nálgast á vef skólans. Skýrsla um innra mat fyrir skólaárið 2023-2024 er aðgengileg á vef skólans. Markmið með matinu er að rýna árangur, veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og vera liður í skólaþróun. Matið er einnig verkfæri til að tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá og að réttindi nemenda séu virt samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr. laga nr. 92/2008 með síðari breytingum).

Ytra mat, þ.e. úttekt MRN á því hvernig framhaldsskólar uppfylla skyldur í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá fer fram á nokkurra ára fresti. Síðasta úttekt á starfsemi FVA fór fram haustið 2022 og eru niðurstöður birtar í úttektarskýrslu sem er aðgengileg á vef skólans.

Á árinu 2024 var áfram unnið að umbótaverkefnum á grundvelli niðurstaðna, sjá yfirlit hér neðar:

Þættir	Úrvinnsla – lokið 2023 (x)	Úrvinnsla – lokið 2024 (x)
1. Stjórnun og skipulag		
Virkja betur samráð við skólanefnd og foreldra m.a. við mótun stefnu skólans	x	
Ljúka við heildstætt gæðakerfi og gæða-handbók fyrir skólann skv. ISO9001 kerfinu	x	
Vinna áfram með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnumótun skólans	Í vinnslu	Í vinnslu
Ljúka við menntastefnu - stefnu um nám- og kennslu í FVA	Í kjölfar stefnum.vinnu 2023 - 2024	Í vinnslu
Endurskoða skipurit	x	
2. Kennsla og námsframboð		
Stefna að því að allir kennarar hafi lokið námi til kennsluréttinda	Í vinnslu, m.a. með svigrúmi í stundaskrá til náms	Í vinnslu, m.a. með svigrúmi í stundaskrá til náms
Mikil starfsmannavelta sl. 5 ár	x	
Skoða fjölbreyttar kennsluaðferðir í öllum námsgreinum/áföngum	Sífelluverkefni - stöðug hvatning til aukinnar starfsþr. kennara, m.a. í gegnum stofnanasamning	Tengist stefnumótunarvinnu í deildum
Námsgögn í sumum tilfellum komin til ára sinna	Endurskoðun falin deildarstjórum 2023 og áfram	Í vinnslu
3. Samskipti og líðan		
Ljúka við samskiptasáttmála	x	
Skoða þarf líðan nemenda í skólanum	Sífelluverkefni; kannanir 2023 skv. áætlun; aukin stoðþjónusta	Í vinnslu
Koma foreldraráði í meiri virkni	x	
Nýta tækif. með 10. bekk í húsnæði skólans til aukinnar samþætt. á námi og tengslum skólast.	x	Á.e.v.
Setja aukinn kraft í félagslíf skólans og virkja fleiri nemendur til þátttöku s.s. í klúbbastarfi	x	x
4. Húsnæði og aðbúnaður		
Stöðugt viðhald á húsnæði og ljúka endurnýjun heimavistar	Sífelluverkefni í eftirfylgd við Framkvæmdasýsluna	Sjá yfirlit í kaflanum um húsnæðismál
Draga úr hraða umferðar í kringum skólann	Í samstarfi við Akraneskaupstað	X (hraðahindrun sett upp)
Bæta aðstöðu á myndlistarsviði	Í vinnslu hjá skólum. og listkennara	x



Auka rými fyrir hefðb. íþróttakennslu innan skólans	Á ekki við	Á.e.v.
Séraðstaða fyrir stjórn nemendafélagsins	x	
5. Lykilárangur		
Leita leiða til að draga úr brotthvarfi	Sífelluverkefni; 2023: Aukin þjón. við nem. í viðkvæmri stöðu	Sjá markm. og aðgerðir í stefnu-miðaðri áætlun um stuðning við hópa í brotthvarfshættu í brotthvarfshættu
Skoða markvisst hvernig grunnþættir menntunar birtast í kennsluáætlunum og hver upplifun nemenda er af vinnu með grunnþætti menntunar í skólanum	2023-24 – Skipuleggja nálgun vor og haust	Skipulagt á vorönn 2025

Húsnæðismál

[Húsnæði skólans](#) er stórt en þó er farið að þrengja verulega að nemendum í húsnæði og rafvirkjun. Kennslurými bóknáms er rúmgott, starfsbraut, mötuneyti, matsalur/hátíðarsalur, ýmis vinnu- og þjónusturými eru það líka og heimavist er í sér byggingu. Stöðugt þarf að huga að viðhaldi og verkefni á árinu 2024 voru mörg: Flest sameiginleg rými voru máluð sem og kennslustofur að hluta; aðstaða starfsbrautar var öll tekin í gegn, þar með talið var nýtt eldhús; lýsing var yfirfarin og endurnýjuð í kennslurýmum og á göngum og hluta af sal. Þá var gólfefni í sal tekið að stórum hluta; lokið var við endurnýjun á aðstöðu kennara í rafiðnaðardeild og í sérstöku vinnurými deildarinnar var loftræsting endurnýjuð en gólfín eru eftir. Endurnýjun á heimavist hefur lengi verið aðkallandi og samkv. upplýsingum frá Framkvæmdasýslunni (FRS) er það á döfinni en ekki bólar á neinu þegar þessi skýrsla er rituð. Það er ekki aðgengi fyrir fatlaða í salnum og hefur það verið í vinnslu hjá FRS. Áætluð er slípun á parketi og endurnýjun á gólfdukkum í nokkrum rýmum.





Fjármál – rekstur FVA

Tegund	2024	2023
Aðrar rekstrartekjur	-6.084.000	-5.802.000
Samtals aðrar rekstrartekjur	-6.084.000	-5.802.000
Sértekjur	-71.989.929	-74.450.647
Samtals sértekjur	-71.989.929	-74.450.647
Dagvinna	595.439.650	549.819.744
Vaktaálag	2.283.395	2.571.891
Aukagreiðslur	19.062.887	4.820.508
Yfirvinna	114.793.241	104.816.273
Launatengd gjöld	169.713.572	153.269.547
Orlof	3.658.427	4.658.724
Samtals launagjöld	904.951.172	819.956.687
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	421.204	45.940
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	814.043	323.232
Fundir, námskeið og risna	3.215.851	4.617.005
Akstur	3.835.693	3.556.633
Samtals ferðir og fundir	8.286.791	8.542.810
Tímarit, blöð og bækur	1.152.846	960.459
Skrifstofuvörur og áhöld	3.086.510	3.738.122
Aðrar vörur	37.162.893	38.428.789
Samtals rekstrarvörur	41.402.249	43.127.370
Tölvu og kerfisfræðipjónusta	17.969.699	14.482.510
Önnur sérfræðipjónusta	16.030.357	20.917.757
Sími og ýmis leigugjöld	15.570.184	8.644.235
Prentun, póstur, augl., flutningar	2.103.584	2.267.497
Samtals aðkeypt þjónusta	51.673.824	46.311.999
Húsaleiga og aðk. ræsting	224.315.482	214.620.658
Rafmagn og heitt vatn	11.815.200	10.631.294
Verkaup og byggingavörur	603.945	2.998.103
Samtals húsnæði	236.734.627	228.250.055
Bifreiðar og vélar		
Verkstæði og varahlutir	728.236	1.455.893
Brennslufni og olíur	771.016	794.657
Samtals bifreiðar og vélar	1.499.252	2.250.550
Vextir, bætur, skattar	459.345	603.471
Afskriftir eigna	17.552.947	14.616.676
Tilfærslur	86.407	
Samtals rekstrarkostnaður	18.098.699	15.220.147
Framlag ríkissjóðs	-1.110.079.590	-1.094.550.389
Framlag til afskrifta	-17.552.947	-14.616.676
Samtals framlag	-1.127.632.537	-1.109.167.065
Rekstrarafkoma	56.940.148	-25.760.094

Ársvelta á árinu 2024 var 1.205,4 milljónir króna samanborið við 1.189,4 milljónir króna árið 2023 og afkoma var 56,9 milljón króna tap samanborið við 25,8 milljón króna afgang á árinu 2023. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi 67,2 milljónir í árslok og eignir samtals 234,3 milljónir.

Sértekjur skólans á árinu 2024 námu tæpum 72 milljónum króna samanborið við 74,5 milljónir króna árið 2023.

Framlag úr Ríkissjóði til skólans nam 1,127 milljónum króna samanborið við 1,109 krónur árið 2023.

Heildargjöld skólans á árinu 2024 námu 1,263 milljónum samanborið við 1,637 milljónir árið 2023.

Á árinu 2024 voru gerðar eftirfarandi breytingar á áður samþykktu framlagi til skólans úr Ríkissjóði: Framlag vegna námsorlofa á árinu var 21,8 milljónir, uppgjör vegna starfsbrauta á vorönn var 3,3 milljónir og svo var framlag vegna starfsbrauta skert á haustönn um 4,3 milljónir, einnig kom viðbótarframlag upp á 1,3 milljónir vegna kennslu á ÍSAT áfanga og 2,3 milljónir vegna Covid styrks sem er stuðningur við námsráðgjöf og sálfræðipjónustu.

Í lok ársins voru svo færðar 20 milljónir af framlagi yfir í eignakaupastyrk vegna endurnýjunar á kennslutækjum í málmiðngreinum.

Prófíll FVA

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsfólks:

Meðatal nemenda beggja anna á árinu 2024 var 506 en starfsfólk var samtals 71,5 í alls 62,5 stöðugildum (meðaltal alls ársins). Skólinn starfar í um 7.330 m² húsnæði auk rúmlega 1.250 m² heimavistar. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2024 voru 470.

Námsframboð:

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Á vorönn 2024 voru 79% nemenda í dagskóla og 21% í dreifnámi. Á haustönn 2024 var hlutfallið 81% nemenda í dagskóla og 19% í dreifnámi.

Framkvæmd markmiða:

Markmiðum í áætlun/stefnuskjali frá árinu 2023 var fylgt eftir á árinu 2024. Stefnuskjalið var uppfært haustið 2024 til næstu þriggja ára. Til viðbótar er yfirlit yfir önnur áherslu- og umbótaverkefni á árinu 2024 sem tengjast skólastarfinu.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins og starfseminnar á skólaárinu fer fram árlega og eru niðurstöður teknar saman í skýrslu sem var skilað til ráðuneytisins, síðast þann 24.6.2024 vegna skólaársins 2023-2024. Skýrslan er aðgengileg á vef skólans.



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Úttektir:

Ytra mat, þ.e. úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, fór fram haustið 2022 á vegum MRN. Niðurstaða Ytra mats er aðgengileg á vef FVA. Tilgreind voru umbótatækifæri í úrvinnsluáætlun matsins sem unnið hefur verið að. Sjá yfirlit yfir stöðuna í árslok 2024 á bls. 16-17 hér frammar.

Rekstrarstaða, afkoma:

Ársvelta á árinu 2024 var 1.205,4 milljónir kr. samanborið við 1.189,4 milljónir kr. árið 2023 og afkoman var 56,9 milljón króna tap samanborið við 25,8 milljón króna afgang á árinu 2023. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi 67,2 milljónir í árslok og eignir samtals 234,3 milljónir.

Brotthvarf:

Skv. mælingum MRN 2024 er árlegt nýnemabrotthvarf 4,0% hjá FVA (skilgreining ráðuneytisins á brotthvarfi: Það hlutfall nemenda (nýnema) sem hafa hætt í framhaldsskóla á skólaárinu án þess að útskrifast eða flytja sig í annan framhaldsskóla).

Stjórnun:

Stjórnun er í höndum skólameistara, ásamt aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra, gæðastjóra og tíu deildarstjóra.

Samvinna við aðra:

FVA á samvinnu við skóla, fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og víðar, þ.m.t. grunnskóla, framhaldsskóla, fyrirtæki og stofnanir. Skólinn á einnig samstarf við skóla erlendis.

Sérstakar áherslur / sérsvið FVA

FVA er hefðbundinn bóknáms- og verknámsskóli sem þjónar nemendum úr nágrannasveitarfélögum á Vesturlandi. Í verknámi er hægt að leggja stund á vélvirkjun, húsasmíði og rafvirkjun í dagskóla. Þá er í boði dreif- og helgarnám í húsasmíði og á sjúkraliðabraut auk náms í meistaraskóla sem hófst á vorönn 2024. Við skólann er starfrækt öflug starfsbraut. Nemendur af Vesturlandi og víðar að eiga þess kost að búa á heimavist.

Sérstaða FVA felst m.a. í fjölbreyttu námsframboði og afreksíþróttasviði í samstarfi við Akraneskaupstað og íþróttafélögin á svæðinu, sterkum tengslum við skóla og atvinnulíf, notalegu andrúmslofti og persónulegri þjónustu við nemendur.



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Framtíðarsýn FVA

Eftirsóknarvert náms- og starfsumhverfi sem einkennist af framsæknum kennsluháttum, jákvæðum skólabrag, gagnkvæmri virðingu og jafnrétti

Hlutverk skólans

Þjóða fjölbreyttar námsleiðir sem efla færni, ábyrgð og þrautseigju nemenda og gera þeim kleift að nýta hæfileika sína til fulls